

Prófnefnd löggilttra endurskoðenda.

Verkefni í prófi í endurskoðun 10. jan. 1967 kl. 9-3.

1. Hvað er dulið varafé?

(Skýrgreinið hugtakið. Hvers ber endurskoðanda að gæta í þessu sambandi við framkvæmd endurskoðunar og áritunar á ársreikninga um endurskoðun.)

ca. 1 tími

2. Kaupfélagið Óðinn rekur umfangsmikla verzlun og afurðasölu fyrir félagsmenn sína, sem eru 300 bændur í nágrenni Árgerðis-kauptúns. Starfsemin fer öll fram í kauptúninu, sem er miðsvæðis í sveitinni. Allmargir verkamenn og iðnaðarmenn í kauptúninu eru einnig meðlimir kaupfélagsins.

Nýr kaupfélagsstjóri var ráðinn fyrir 5 árum. Þá voruð þér einnig kosinn endurskoðandi félagsins og hafið verið það síðan. Þér eruð starfandi löggiltur endurskoðandi í Reykjavík og hafið farið á staðinn einu sinni á ári og sannreynt reikningsskilin á venjulegan hátt.

3. Kaupfélagsstjórinn er duglegur og vel menntaður verzlunar-maður. Hann vinnur aðalbókarastörfin sjálfur og hefir jafnan lokið við að semja ársreikninga þegar þér hefjið endurskoðunarstörfin. Þér hafið aldrei fundið neinar skekkjur í bókhaldinu og aldrei breytt ársreikningum, sem kaupfélagsstjórinn hefir samið.

Hann kallar yður nú til viðræðna ásamt formanni stjórnar félagsins og stingur upp á að þér hættið þessum störfum og telur þau vera óþörf og valdi félaginu ónauðsynlegum útgjöldum. Til þess að uppfylla form sé hægt að velja einhvern bónðann á félagssvæðinu, sem endurskoðanda og greiða honum smáþóknun fyrir að árita reikningana. Formaður stjórnar óskar nú eftir umsögn yðar um þessa tillögu kaupfélagsstjórans áður en hann ákveður hvað gera skuli.

Hverju viljið þér svara formanni stjórnarinnar?

ca. 2 tímar

4. Hvernig ber að framkvæma sjóðtalningu hjá fyrirtækjum, sem biðja um endurskoðun og afdráttarlausa yfirlýsingum um rétt-

mæti reikningsskila?

ca. 1 tími

4. Jón Jónsson rekur 5 nýlenduvöruverzlanir í Reykjavík. Verzlunarstjórnar hafa sjálfir sett upp reikningshald viðvíkjandi skilum á fjárrreiðum hver með sínu formi, og án samráðs við skrifstofuna.
- Jón sér nú að þetta getur ekki gengið og biður yður um að koma með tillögur um hvernig hafa megi eftirlit með því að allir verzlunarstjórar skili öllu andvirði seldra vara án tafar.
- Óskað er eftir tillögum yðar í þessu efni.

ca. 2 tímar